

Alþingi
Erindi nr. P 133/319
komudagur 27.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík, 22. nóvember 2006 2006100613
T-ums 8/06

Umsögn um 56. mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf., og um 57. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Með bréfi háttvirtrar menntamálanefndar Alþingis, dagsettu 20. október 2006, er óskað eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvörp á þingskjölum 56 og 57. Fer hún hér á eftir.

Í bréfi dagsettu 15. mars 2006 lét ríkisskattstjóri háttvirtri menntamálanefnd í té umsögn sína um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., á þingskjali 517 í 401. máli 132. löggjafarþings. Ákvæði um tekjustofna í 12. gr. þess frumvarps var nánast samhljóða ákvæði 11. gr. þess frumvarps um Ríkisútvarpið ohf. sem nú er veitt umsögn um. Ríkisskattstjóri leyfir sér því að endurtaka umsögn um nefnt ákvæði, orðrétt ef frá er talin vísan í númer frumvarpsgreinar og heiti félagsins:

"Í 1. tölul. 1. mgr. [11.] gr. frumvarpsins er lagt til að einn tekjustofna Ríkisútvarpsins [ohf.] verði sérstakt gjald sem skattstjórar skuli leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda og eftir þeim reglum sem gilda um álagningu þeirra gjalda. Er gjaldskyldu ætlað að ná til allra þeirra er bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, jafnt manna sem lögaðila, með ákveðnum undantekningum þó sem settar eru fram með almennum hætti. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, bæði í 4. kafla almennra athugasemda og í athugasemdum við [11.] gr., er með þessu lagt til að hætt verði að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum, en þess í stað fái Ríkisútvarpið tekjur af "nefskatti". Umrætt gjald er í frumvarpinu sett fram sem skattur og fær ríkisskattstjóri ekki annað séð en að sú framsetning samrýmist fræðilegum skilgreiningum á skatti. Horfir hann þá til þess að ákvörðun gjaldsins er ætlað að vera einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds.

Í 2. mgr. [11.] gr. frumvarpsins er eftirfarandi lagt til varðandi framkvæmd skattheimtunnar: "*Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr.*" Í tilefni af orðalagi ákvæðisins vekur ríkisskattstjóri athygli á að með lögum nr. 129/2004 var heiti laganna nr. 90/2003 breytt í lög um tekjuskatt. Tók sú breyting gildi 31. desember 2005. Þá gerir ríkisskattstjóri athugasemd við þá fyrirætlun að 98. gr. laga nr. 90/2003 sé ekki að nokkru leyti ætlað að eiga við um umrætt gjald. Í 1. mgr. 98. gr. er kveðið á um skyldur skattstjóra til að tilkynna álagningu opinberra gjalda. Samkvæmt ákvæðinu skal m.a. senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skulu skattstjórar auglýsa rækilega, þ.m.t. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé

lokið. Þá skulu skattstjórar senda viðkomandi innheimtumönnum ríkissjóðs skrá yfir þá sem á hafa verið lagðir skattar. Samrit þeirrar skrár skal sent ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Réttaráhrif stjórnvaldsákvæðana markast af birtingu þeirra, sbr. 20. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Ljós má því vera nauðsyn þess að birta álagningu umrædds nefskatts þeim er álagningunni sæta. Ákvæði um kærur álagningar gjalda í 99. gr. laga nr. 90/2003 er samkvæmt frumvarpinu ætlað að ná til umrædds nefskatts. Auglýsing um lok álagningar skv. 1. mgr. 98. gr. markar upphaf kærufrests. Þá þarf vart að fjölyrða um nauðsyn þess að innheimtumönnum ríkissjóðs sé tilkynnt um álagningu þeirra gjalda sem þeim er ætlað að innheimta, þ.m.t. álagningu hins fyrirhugaða nefskatts. Að framangreindu virtu sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til annars en að umræddar reglur 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 verði látnar taka til gjalds samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. [11.] gr. frumvarpsins."


Við framangreinda umfjöllun vill ríkisskattstjóra bæta, að hann sér ekki sérstaka þörf á tilgreiningu umrædds gjalds í álagningar- og skattskrár sem mælt er fyrir um í 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003.


Í 3. mgr. umsagnar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fram kemur á fylgiskjali III með frumvarpi á þingskjali 56 segir m.a.: "*Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að hlutafélagið hafi frá 1. janúar 2009 tekjur af sérstökum skatti, útvarpsgjaldi, sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum útvarpsstjóra en skattstjórar leggja á samhliða álagningu tekjuskatts.*" Ríkisskattstjóri tekur fram að hann leggur ekki þann skilning á ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins, að því er varðar aðkomu ráðherra og útvarpsstjóra, sem fram kemur í tilvitnuðum orðum. Í nefndum 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði að hið sérstaka gjald, sem skattstjórum er ætlað að leggja á, skuli nema kr. 14.580 kr. Verður því ekki séð að til þurfi að koma atbeini ráðherra og útvarpsstjóra við ákvörðun gjaldfjárhæðar. Öðru máli gegnir um gjöld fyrir útvarpsafnot fram til 31. desember 2008, sem lögð eru til í ákvæði V til bráðabirgða í frumvarpinu. Í því ákvæði frumvarpsins er lagt til að menntamálaráðherra skuli staðfesta útvarpsgjöld að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Ríkisskattstjóri sér ekki ástæðu til frekari umfjöllunar um efni frumvarpsins á þingskjali 56, en minnir á áður nefnda umsögn sína frá 15. mars 2006. Þá hefur hann engar athugasemdir fram að færa um efni frumvarps á þingskjali 57.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að veita umsögn þessa.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Bjarni Amby Lárússon


Sigurjón Högnason